

Bjarni Reykjalín  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Kjarna  
650 Laugar

Reykjavík 14. ágúst 2017  
UST201706-266/P.B.S.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - Hverfjall - breyting**

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst þann 23. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hverfjalls þar sem aðkomuvegur meðfram Hverfjalli breytist, fyrirkomulag bílastæða breytist og einn leggur gönguleiðar upp Hverfjall frá bílastæði fellur út.

### **Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir færslu vegar nr. 8816 frá Mývatnsvegi. Ástæða fyrir færslunni er að vegna legu er hann oft ófær á veturna þar sem snjór safnast í hvilftina sem hann liggur í. Einnig kemur fram í greinargerð að mikil bleyta sé á veginum langt fram eftir vori sem gerir hann oft ófæran. Nýr vegur er verður ofar í landi, um 1 km langur og með bundnu slitlagi. Í greinargerð kemur einnig fram að ný bílastæði verði reist með hringakstri en gert er ráð fyrir 70 bílastæðum auk 2 stæðum fyrir hreyfihamlaða og 1 stæði fyrir starfsmann við salernishús.

### **Náttúruvætti**

Hverfjall var friðlýst sem náttúruvætti 22. júní 2011. Markmiðið með friðlýsingu Hverfjalls sem náttúruvættis er að vernda sérstæðar jarðmyndanir. Jafnframt er það markmið með friðlýsingunni að varveita jarðmyndanir svæðisins vegna mikils fræðslugildis og útivistargildis. Gígurinn er vinsæll viðkomustaður ferðamanna sem um Mývatnssveit fara.

### **Umhverfisáhrif**

Í umhverfisskýrslu sem fylgir greinargerð kemur fram að áhrif á þá umhverfisþætti sem um ræðir eru talin óveruleg þar sem áhersla er lögð á að vegurinn verði felldur að landi og veglínan verði hönnuð með það í huga. Óhreyft sandorpið og lítt gróið hraun mun óhjákvæmilega raskast og mun nýi vegurinn verða meira áberandi en gamli vegslóðinn.


Þau jákvæðu áhrif sem má vænta er að vegurinn verði breiðari, öruggari og fær allt árið þar sem auðvelt verði að ryðja af honum snjó. Gönguleið verði á gamla vegslóðanum og bundið slitlag mun koma í veg fyrir rykmengun af völdum bílaumferðar.

### Umsögn

Umhverfisstofnun telur jákvætt að styrkja innviði og styðja þannig við bæði öryggi og útivist á svæðinu og er það í samræmi við markmið friðlýsingarinnar.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að forðast allt óþarfa rask. Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreinda breytingu á deiliskipulagi.

Stofnun biðst velvirðingar á því hversu dregist hefur að sinna þessu erindi.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri